

Sorpsamlag Strandasýslu

Upplýsingar og reglur vegna sorphirðu

Íbúar á þjónustusvæði Sorpsamlags Strandasýslu eru hvattir til að flokka allan úrgang. Úrgangur til urðunar fer í sorpílát sem Sorpsamlagið sér um að losa á ákveðnum sorphirðudögum en annan úrgang skal flokka og skila á móttökustað Sorpsamlagsins.

1. Sorpílát sem Sorpsamlagið sér um að losa eru ætluð fyrir úrgang til urðunar. Bannað er að setja endurvinnanlegan úrgang í þau sorpílát.
2. Pokar og annar úrgangur sem er utan sorpílláta er ekki tekinn.
3. Í þéttbýli þar sem sorp er sótt heim skulu sorpílát vera staðsett þeim megin húss er snýr að götu. Séu sorpílát staðsett annarsstaðar þurfa húseigendur sjálfir að koma þeim fram fyrir hús á sorphirðudögum.
4. Sé sorpílát fest með einhverjum hætti þarf að vera hægt að losa það og festa með einu handtaki. Sorpílát sem eru föst með öðrum hætti verða ekki færð til losunar.
5. Greiður aðgangur skal vera frá sorpílátum að götu. Gæta þarf að því að ekkert hindri færslu sorpílláta (t.d. blómaker, hjól og garðáhöld).
6. Húseigendur sjá sjálfir um að hreinsa snjó frá sorpílláti og að götu svo auðveldlega sé hægt að færa sorpílát til losunar.

Sé ofangreindum atriðum ekki fylgt er litið svo á að ekki sé þörf á að losa sorpíllátið.

Leiðbeiningar um flokkun endurvinnanlegs úrgangs má finna á vef Strandabyggðar, www://strandabyggd.is/stofnanir/sorpsamlag_strandasyslu/ en auk þess eru þær upplýsingar sendar til íbúa á þjónustusvæðinu í upphafi hvers árs.